

Leikskólinn Ákrar

Ársskýrsla skólaárið 2022-2023



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Leikskólinn Akrar.....	2
Námskrá leikskólans	2
Stoðþjónusta	3
Mat á starfi leikskólans.....	3
Grunnþættir menntunar.....	4
Viðhorf foreldra.....	4
Þekking starfsfólks á starfsháttum	4
Líðan starfsmanna	5
Foreldrasamstarf.....	5
Barnahópurinn	6
Starfsmannahópurinn	7
Stefna í starfsmannamálum	7
Starfsþróun	8
Vináttuverkefnið	8
Útskriftarferð.....	9
Nýbreytni.....	9
Læsi og stærðfræði	9
Hreyfihandbók.....	9
Hátíðarsöngstund og jólaleikrit	9
Barnamenningarhátíð.....	10
Húsnæði og viðhald	10
Að lokum	10

Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 skal leikskólastjóri gera grein fyrir starfsemi leikskólans í ársskýrslu sem foreldraráð gefur síðan umsögn um. Þessi ársskýrsla tekur til skólaársins 2022-2023.

Leikskólinn Akrar

Leikskólinn Akrar var formlega opnaður 12. janúar 2012, virkni og vellíðan eru grunnildi leikskólans. Vellíðan barna er höfð í fyrirrúmi, um leið og börnum líður vel í leikskólanum eru meiri líkur á að þau geti tekið fullan þátt í starfi hans. Starfið er skipulagt út frá þátttöku og virkni barnanna og ýtt er undir þau verkefni sem vekja áhuga barnanna hverju sinni. Börnin læra af eigin reynslu með því að skynja námið á eigin hátt. Á Ökrum er unnið eftir stefnunni Uppeldi til ábyrgðar, sem að miklu leiti var sett til hliðar þennan vetur og verður tekin upp strax haustið 2024. Sú stefna leggur mikið upp úr jákvæðum samskiptum. Ef samskipti eru góð og gefandi þá má byggja á þeim árangursríkt nám. Uppeldi til ábyrgðar leggur áherslu á að kenna sjálfstjórn og sjálfsaga og styrkja einstaklinga í því að læra af mistökum. Að skapa skilyrði til að barnið geti lagfært mistök sín, snúið aftur til hópsins og vaxið við hverja raun.



Markmiðið er að þjálfa börn í að vera þau sem þau vilja út frá eigin sannfæringu en ekki bara að til að geðjast öðrum. Öll þessi atriði eru að sjálfsögðu hluti af daglegu starfi á Ökrum.

Námskrá leikskólans

Samkvæmt 14. grein laga um leikskóla skal hver leikskóli gefa út skólanámskrá. Á grunni aðalnámskrár eiga allir leikskólar að móta sína eigin námskrá. Skólanámskrá leikskólans Akra var samþykkt í mars 2014 af leikskólanefnd Garðabæjar. Skólanámskrá Akra var endurskoðuð veturinn 2021-2022 af leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra. Hún var svo lesin yfir af foreldraráði. Námskráin er sýnileg á heimasíðu leikskólans.

Stoðþjónusta

Sérkennslustjóri ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd sérkennslu í skólanum. Mikilvægt er að koma til móts við ólíkar þarfir barnanna og mæta þeim þar sem þau eru stödd. Ef þörf er á frekari athugun og inngripi er gott samstarf við sérfræðiteymi á skólaskrifstofu Garðabæjar sem samanstendur af sérkennslufulltrúa, talmeinafræðingi og sálfræðingi. Samráðsfundir eru með þeim annan hvern mánuð ásamt sérkennslustjóra og leikskólastjóra og þar er farið yfir mál einstakra barna. Sálfræðingur og talmeinafræðingur koma í leikskólann og framkvæma skimun ef þess þarf. Eftir áramót kom talmeinafræðingur í reglulegar heimsóknir á Akra. Hún kom að níu börnum í leikskólanum. Af þessum níu börnum voru fjögur í virkri þjálfun. Það eru börn sem eru með frávík en falla ekki undir viðmið sjúkratrygginga um talþjálfun út í bæ. Heimsóknirnar voru með reglulegu millibili. Í heildina var talmeinafræðingurinn á Ökrum í 13 daga og heimsóknir barna til hennar voru 44 talsins.

Á skólaárinu voru tvö börn í leikskólanum sem nutu stuðnings, frá sérstökum stuðningsfulltrúum, við nám sitt. Því fylgdi annars vegar 75% stöðugildi og hins vegar 100% stöðugildi. Alls voru 13 börn sem nutu íhlutunar og stuðnings. Íhlutunin fólst m.a. í málörvun, framburðarþjálfun, félags- og samskiptafærni og verkefnavinnu. Sjö tvítyngd börn voru í skólanum og er boðið upp á túlkajónustu í viðtölum og á fundum er varða málefni þeirra ef þess er óskað.

Mat á starfi leikskólans

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 er markmið innra mats það að leikskólinn meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins með virkum þætti starfsmanna, barna og foreldra.

Á hverju hausti eru gerð drög að starfs- og matsáætlun út frá námskrá leikskólans, þau drög eru unnin af stjórnendateymi leikskólans sem foreldraráð leikskólans les yfir og kemur með athugasemdir eða samþykki.

Á hverju ári fer fram bæði innra og ytra mat. Innra mat er framkvæmt af starfsfólki leikskólans á meðan ytra mat er framkvæmt af skólapúlsinum.

Grunnþættir menntunar

Vorið 2022 var haldið námskeið fyrir starfsfólk leikskólans sem bar yfirskriftina „Öruggr skref í starfi“. Inntak þess voru grunnþættir menntunar. Ákveðið var að notast við símat/sjálfsmat á meðal starfsfólks sem varpa átti ljósi á hvernig það tengdi starf sitt með börnum grunnþáttum menntunar. Gátlisti var undirbúinn þar sem gefin voru dæmi um verkefni er tengdust grunnþáttum menntunar. Símatíð/sjálfsmatíð fór fram á tveimur eldri deildum leikskólans þar sem starfsfólk notaði gátlistann við undirbúning starfs síns. Að auki skráði starfsfólkið hvað það gerði í starfi sínu til að geta skoðað hvort allir grunnþættir væru nýttir í starfinu.



Viðhorf foreldra

Foreldrakönnun flokkast sem ytra mat þar sem það er framkvæmt af aðilum utan leikskólans. Skólapúlsinn sá um alla framkvæmd könnunarinnar.

Foreldrakönnunin fór fram í febrúar og niðurstöður kynntar starfsfólki og foreldrum í byrjun apríl. Niðurstöður könnunarinnar sýna mikil aukningu á ánægju foreldra með stjórnun, almenn vinnubrögð, samskipti starfsfólks við foreldra og upphaf og lok leikskólagöngu. Þrátt fyrir að aukin ánægja sé meðal foreldra hvað samskipti varðar mátti sjá í opnum svörum ástæðu til að skerpa á þeim þætti. Niðurstöður foreldrakönnunarinnar má sjá í heild sinni á vef leikskólans.

Þekking starfsfólks á starfsháttum

Í námskrá leikskólans kemur fram að í starfi leikskólans sé aðallega notast við opinn efnivið. Í því ljósi var ákveðið að skoða viðhorf og þekkingu starfsfólks á honum. Matið var framkvæmt með paraviðtölum sem hafði þann tilgang að kalla fram skilning og þekkingu starfsfólks og að vera fræðandi í leiðinni. Þátttakendur matsins telja opinn efnivið vera það sem hægt er að nýta í leik og starfi á hvern þann veg sem einstaklingur kýs. Þau segja opinn efnivið ekki gefa fyrirfram ákveðnar hugmyndir um hvernig eigi að nýta hann. Þátttakendur telja opinn efnivið auka sköpunarkraft og sköpunargleði barna, auki ímyndunarafli, hann efli kjark þeirra, sjálfsöryggi, ábyrgð þeirra á eigin vali og verkefnum auk þess að veita þeim frelsi til að velja sér leik og verkefni.

Það sem þátttakendum fannst ganga vel í daglegu starfi með opinn efnivið var hve börnin áttu auðveldara með að dýpka leik sinn og auðga. Þau töldu börnin hugmyndaríkari, lausnamiðaðri

Leikskólinn Akrar

og að samvinna þeirra á milli hafi aukist og gengi merkjanlega betur eftir að skerpt var á áherslu leikskólans um opinn efnivið. Þátttakendur töldu opinn efnivið auka nægjusemi og hófsemi sem þau töldu til velgengni og að kynjahlutverk í leik barnanna væri óljósari. Þau töldu aftur á móti óöryggi og þekkingarleysi í starfsmannhópnum vera áskorun í daglegu starfi með opinn efnivið. Fannst einnig áskorun felast í að vera með börn sem ekki höfðu kynnst opnum efnivið og þau sem kysu sér frekar lokaðan. Þau töldu mikilvægt að vera meðvituð um sín eigin áhrif á efniviðinn og töldu þemaverkefni áskorun sem og að loka ekki opnum efnivið með of mikilli stýringu.

Öll voru þátttakendur sammála um mikilvægi þess að fá námskeið og fræðslu um opinn efnivið í daglegu starfi. Þau tóku fram að þau myndu þörf fyrir hugmyndabanka og meiri leiðsögn um hvernig nota mætti opinn efnivið. Þátttakendur töldu sig hafa lært mest um opinn efnivið hjá samstarfsfólki, stjórnendum og í gegn um daglegt starf. Helmingur sagði sig hafa fengið litla sem enga leiðsögn hingað til. Hinn helmingurinn sagði sig búa af reynslu úr fyrra starfi og/eða námi.



Líðan starfsmanna

Fram fór mat á ánægju starfsfólks. Matið var framkvæmt að öllu leyti af stjórnendum leikskólans þar sem Skólapúlsinn gerði það ekki þetta árið. Starfsmannakönnun Skólapúlsins er framkvæmd annað hvert ár. Niðurstöður sýna að líðan starfsmanna sé almennt góð og telja sig geta nýtt styrkleika sína í starfi. Niðurstöður sýndu einnig að þörf sé á leiðsögn og þjálfun um starfshætti leikskólans.

Foreldrasamstarf

Í haust varð endurnýjun í foreldraráði leikskólans en foreldrafélagið var óbreytt. Í ár voru fjórir foreldrar í foreldraráði ásamt leikskólastjóra og átta foreldrar í foreldrafélaginu ásamt aðstoðarleikskólastjóra. Foreldraráðið fundaði sex sinnum í ár og þá voru rædd hin ýmsu mál sem varða leikskólann. Foreldrafélagið fundaði einu sinni í leikskólanum og önnur samskipti

Leikskólinn Akrar

fóru fram á facebook síðu foreldrafélagsins. Það eru vissir viðburðir í leikskólanum sem foreldrafélagið heldur utan um og í vetur hélt foreldrafélagið utan um þessa viðburði:

- Jólagjafasending frá jólasveininum á hátíðarstund
- Jólagjafir handa starfsfólki
- Sumarhátíð
- Jólaleikritið „Jól í tösku“

Sumarhátíð Akra er haldin árlega og sér foreldrafélagið um að skipuleggja og halda utan um hana með aðstoð starfsfólks. Leigðir eru hoppukastalar í garðinn þar sem starfsfólk sér um vaktina. Foreldrafélagið sér um að skipuleggja og bera fram veitingar með aðstoð starfsfólks í eldhúsi. Alltaf er boðið upp á skemmtiatriði og í ár kom Leikhópurinn Lotta fram með leikrit um Litlu hafmeyjuna.

Foreldraviðtöl voru einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn. Að auki voru foreldrar upplýstir um að lítið mál væri að finna stund og spjalla ef þau vildu. Fjölskyldukaffi var haldið milli bónda- og konudags þar sem boðið var upp á heimabakað brauð og ávexti.

Barnahópurinn

Í maí 2023 voru 87 börn á fjórum deildum í leikskólanum. 44 drengir og 43 stúlkur. Á Móa voru 17 börn, á Lyngi voru 19 börn, á Engi voru 27 börn og á Mýri voru 24 börn.

22 börn fædd 2017

21 barn fætt 2018

13 börn fædd 2019

18 börn fædd 2020

13 börn fædd 2021

Vistunartími barnanna var allt frá 6,5 klukkustundum upp í 9 klukkustundir. Mikill meirihluti barnanna voru í 8-8,5 klukkutíma vistun en taflan hér að neðan sýnir skiptinguna.

Fjöldi barna	Klukkustundir
1	6,5
4	7,5
3	7,75
38	8
12	8,25
21	8,5
4	8,75
4	9

Starfsmannahópurinn

Í maí 2023 vor 27 starfsmenn í leikskólanum.

3	Leikskólakennarar í 3 stöðugildum
10	Leiðbeinendur í 9,93 stöðugildum
3	Tímavinnustarfsfólk í afleysingum
1	B.ed. í leikskólakennarafræðum í 1 stöðugildi
3	Önnur háskólamenntun í 3,95 stöðugildum
3	Deildarstjórar í Stag í 2,5 stöðugildum
1	Matráður í 0,75 stöðugildi
2	Starfsmenn í eldhúsi í 1,63 stöðugildi

Stefna í starfsmannamálum

Í byrjun skólaárs voru miklar breytingar á starfsmannahaldi, bæði í stjórnun og starfsmönnum inni á deildum leikskólans. Skortur var á faglærðum einstaklingum og voru því deildarstjórastöður í höndum leiðbeinenda. Ein deild var án deildarstjóra. Akrar leggur mikið upp úr vellíðan starfsmanna og var aðaláhersla lögð á að þjappa hópnum saman svo allir gætu fundið fyrir trausti, samvinnu og samhug. Þar sem leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri voru meira og minna í starfi með börnum þennan veturinn upplifðu stjórnendur sig minna geta verið til staðar fyrir fólk en ákjósanlegt hefði verið að þeirra mati. Nokkra viðburði höfðum við fyrir

starfsfólkið. Video kvöld var í sal leikskólans, farið var á jólahlaðborð, hist var án sérstakra tilefna í heimahúsum og morðleikur „Murder mystery theme party“ fór fram á vorönninni.

Starfsþróun

Á skólaárinu voru starfsmannafundir og starfsdagar nýttir vel. Um haustið var ákveðið að taka upp kjörorðin „minna er meira“ (e: less is more) og „hvert erum við að flýta okkur“. Þetta varð okkur mikill fengur í ljósi þess að mikið var um nýtt starfsfólk og faghlutfall lágt. Við gátum betur staldrað við og skoðað hvað við vorum að gera hverju sinni. Starfsfólk fékk fræðslu um Grunnþætti menntunar, haldið var 4 klst. skyndihjálparnámskeið, 4 klst. Lubbanámskeið sem snýr að málörvun og námskeið var haldið um opinn efnivið.

- Kristín Kristjánsdóttir – Grunnþættir menntunar.
- Rauði krossinn – Veikindi og slys á börnum.
- Eyrún – Lubbi finnur málbein.
- Sigurbaldur Frímannsson – Opinn efniviður.

Starfsmannafundir voru nýttir í ýmsa fræðslu um það sem mikilvægt var hverju sinni og má þar nefna hlutverk starfsfólks í leikskóla, aga og kærleik og læsi og stærðfræði. Að auki sóttu einstaka starfsmenn námskeið á borð við Hljóm II.



Vinátuverkefnið

Í vetur var vinátuverkefnið Blær sett til hliðar en með vorinu var það rifjað upp og aftur tekið í notkun. Verið er að vinna með myndirnar og bangsann en til að geta unnið meira og farið dýpra með verkefnið verða útbúin vinnuskjöl og leiðbeiningar til að allir geti unnið vinátuverkefnið í hópum. Þetta verkefni hentar mjög vel þegar þarf að bæta samskipti og kærleik í hópum.

Markmiðið er að kenna börnum enn meiri samvinnu og vekja athygli á fjölbreytileika okkar sem einstaklinga og hvernig við getum hjálpað hvoru öðru í að verða betra fólk með því að vinna saman en ekki gegn hvoru öðru. Í allan vetur fóru þó fram vinastundir í salnum þar sem öll börn hittust einu sinni í viku og áttu notalega söngstund saman.

Útskriftarferð

Elsti árgangur leikskólans fór í útskriftarferð í lok maí. Farið var í Þekkingarsetur Suðurnesja þar sem fram fór náttúruskoðun í fjörunni, leikir, stöðvavinna og fræðsla. Farið var með rútu sem foreldrafélagið greiddi og börnin útbjuggu sjálf mat í hádeginu. Ánægja var meðal barna og starfsmanna með ferðina.

Nýbreytni

Læsi og stærðfræði

Tekin var í notkun læsis- og stærðfræðiáætlun með það að markmiði að tryggja öllum börnum markvissa málörvun. Áætlunin er sett upp í lotur og er hver lota fjórar vikur. Í hverri lotuviku er unnið með tiltekin máhljóð og orðaforðapema. Unnið var með máhljóðin eins og lagt er upp með í bókinni *Lubbi finnur málbein* og orðaforðapema voru allt frá fjölskyldu, og fatnaði að formum og náttúru. Áætlunin er þannig gerð að allt starfsfólk getur á auðveldan hátt unnið með hana.



Hreyfihandbók

Það er gríðarlega mikilvægt að börn fái tækifæri til að stunda fjölbreytta hreyfingu sem eykur hreyfifærni þeirra. Hreyfihandbókin mun innihalda ítarlegar leiðbeiningar um leiki og þrautabrautir fyrir börn og myndir svo auðvelt sé fyrir starfsfólk að setja upp leiki og þrautabrautir. Í leikskólanum er mikið af ófaglærðu starfsfólki sem á ekki rétt á undirbúningstíma. Handbókin nýst þeim vel þar sem gott verður að grípa í hana til að hafa markvissa þjálfun.

Hátíðarsöngstund og jólaleikrit

Ákveðið var í ljósi „less is more“ að bjóða foreldrafélaginu að vera með hið árlega jólaball utan leikskólatíma og í staðinn fór fram hátíðleg söngstund með öllum börnum leikskólans. Að auki bauð foreldrafélagið upp á jólaleikritið „Jól í tösku“ sem þótti heppnast afar vel. Foreldrafélagið ákvað að halda ekki jólaball þetta árið.

Barnamenningarhátíð

Haft var samband við okkur og elsta árgangi leikskólans boðið að taka virkan þátt í hinni árlegu barnamenningarhátíð. Börnunum var boðið að koma á bókasafn Garðabæjar og gera þar listaverk úr bókum sem voru þar til sýnis. Börnunum var einnig boðið að vera við opnun hátíðarinnar þar sem þau sungu fyrir viðstadda og síðar heimsóttu þau safnið þriðja sinni í hefðbundna bókasafnsfræðslu og fengu þau listaverk sín afhent við það tækifæri.

Húsnæði og viðhald

Á þessu skólaári var kominn tími á viðhald á ýmsum hlutum en misvel gekk að koma viðhaldspáttum í ferli. Skipta þurfti um nokkrar fjalir á pallinum vegna fúa. Jarðvegur var lagaður í kring um sullupollinn með nýjum þökum og fyllingu. Skipt var um klifurgrind vegna fúa og gúmmímottur sem gengnar voru til lagfærðar. Geymsluskúr var settur upp við enda yngri einingar fyrir Móa og hafist var handa við að lagfæra leka sem orsakaðist af rennum sem staðsettar voru inn í veggjum leikskólans. Aðalskoðun útisvæðis fór fram 6. júní 2023 sem gaf góða mynd af þeim verkefnum sem framundan eru.

Að lokum

Skólaárið gekk í heild sinni vel þrátt fyrir lágt faghlutfall og að deildarstjóra vantaði á eina deildina í allan vetur. Þrátt fyrir að útistandandi auglýsingar í vetur var lítið upp úr því að hafa. Loka þurfti einstaka deildum vegna veikinda:

Mói

24. febrúar 2023 – Lokað í hálfan dag (eftir hádegismat)

25. febrúar 2023 – Lokað í heilan dag

Lyng

23. nóvember 2022 – Lokað í hálfan dag (eftir hádegismat)

26. janúar 2023 – Lokað í heilan dag

9. mars 2023 – Lokað í hálfan dag (eftir hádegismat)

25. apríl 2023 – Lokað í heilan dag

Engi

30. nóvember 2022 – Lokað í heilan dag

Mýri

16. janúar 2023 – Lokað í heilan dag

3. febrúar 2023 – Lokað í hálfan dag (eftir hádegismat)

Með vorinu fóru lukkuhjólin að snúast Ökrum í vil og fyrir komandi skólaár hafa verið ráðnir kennaramenntaðir deildarstjórar á allar deildir auk kennara í aðrar stöður. Í ágúst verða því starfandi á Ökrum 7 einstaklingar með kennaramenntun.

Það er bjart yfir Ökrum.